

Mánudaginn 5. nóvember 1973.

Nr. 25/1973: **Karl Jörgensen**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Kaupfélaginu Fram

(Skúli J. Pálmason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var upphaflega skotið til Hæstaréttar með stefnu 23. október 1972. Hinn 2. febrúar 1973 gekk útvistardómur í málinu, og var því áfrýjað af nýju með stefnu 5. febrúar s. á., sbr. 36. gr. laga nr. 57/1962.

Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 360.576.00 með 7% ársvöxtum frá 30. júní 1971 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði staðfestur, en til vara lækkunar á dómkröfum áfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi var verkstjóri hjá stefnda og fiskmatsmaður í verkstöð hans, svo sem greinir í héraðsdómi. Hann reisir dómkröfur sínar á samningum milli Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Verkstjórasambands Íslands frá 20. febrúar 1962 og 17. apríl 1970. Í 7. gr., 2. málgr., samninga þessara, sem eru samhljóða að þessu leyti, segir, að vinnuveitendum sé heimilt að fela m. a. „matsmönnum afurða“ verkstjórn, án þess að ákvæði kjarasamninga þessara „ná til þeirrar verkstjórnar“. Ágreiningslaust er, að stefndi greiddi áfrýjanda umsamin laun, sem miðuð voru við verkamanna-laun í Neskaupstað með 40% álagi. Samkvæmt erindisbréfi fyrir fiskmatismenn nr. 141/1950, 9. gr., skulu fiskmatismenn

njóta úr hendi atvinnurekenda launa, sem nemi 20% af gildandi verkamannalaunum fyrir störf sín að fiskmati. Svo sem framangreindum ákvæðum í samningum milli Vinnuálagssambands samvinnufélaganna og Verkstjórásambands Íslands var háttað, hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að laun hans fyrir verkstjórn hjá stefnda hafi verið bundin með ákvæðum framangreindra samninga, eða sannað, að honum beri af öðrum ástæðum frekari laun úr hendi stefnda en þau, sem stefndi hefur þegar goldið honum. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísun til raka héraðsdóms ber að staðfest hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 35.000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Karl Jørgensen, greiði stefnda, Kaupfélaginu Fram, kr. 35.000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Neskaupstaðar 21. september 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Karl Jørgensen, Sverristúni 2 í Neskaupstað, höfðað fyrir bæjarþingi Neskaupstaðar með stefnu, birtri 26. og 27. apríl 1972, gegn Kaupfélaginu Fram í Neskaupstað til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 431.722.00 auk 1% vanskilavaxta á mánuði eða hluta úr mánuði frá 1. júlí 1971 til greiðsludags, málskostnaðar samkvæmt reikningi, kr. 45.000.00, svo og alls kostnaðar við fullnustu dóms.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð. Í báðum tilvikum er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hann hafi á árinu 1963 verið ráðinn verkstjóri og fiskmatsmaður að frystihúsi Kaupfélagsins Fram í Neskaupstað með þeim kjörum sem verkstjóra og fiskmatsmanni hafi borið samkvæmt samningum og erindisbréfi þar um. Hafi hann verið eini verkstjórinn og fiskmatsmaðurinn við frystihúsið frá þeim tíma til 1. júlí 1971, að honum var sagt upp starfi. Reikningsuppgjör hafi sér aldrei borizt annað en vinnulaunamiði við áramót og því ekki sundurliðað, hvernig honum

var greitt kaup, en við athugun hafi komið í ljós, að þóknun fyrir fiskmatsstarf hafi ekki verið færð sér til tekna öll árin og að vangoldin séu 10% af verkstjóraálagi. Fyrir verkstjórn telur hann, að sér hafi verið greitt 40% álag á grunnkaup verkamanna.

Kröfur stefnanda eru byggðar á samningum Verkstjórásambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 20. febrúar 1962 og 17. apríl 1970, en í samningnum frá 17. apríl 1970 segir í 10. gr., að laun verkstjóra, sem ráðnir séu á tímakaupi, skuli vera 30% yfir meðaltali 1.—7. taxta hins almenna kjarasamnings Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, eins og hann er á hverjum tíma fyrir fullgilda verkamenn, og hámark ekki yfir 50%. Kaup verkstjóra skal fundið þannig: Fyrstu tvö árin hjá sama vinnuveitanda, grunnlaun + verkstjóraálag. Eftir tveggja ára starf hjá sama vinnuveitanda, grunnlaun + 5% + verkstjóraálag.

Enn fremur eru kröfur stefnanda byggðar á 9. gr. erindisbréfs fyrir fiskmatsmenn frá 13. marz 1950, er sett var samkvæmt lögum nr. 46/1949 um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, en þar segir, að fyrir að annast fiskmatið fái matsmaður greidda þóknun, sem nemi 20% af gildandi verkamannakaupi á hverjum stað miðað við 25 átta stunda vinnudaga á mánuði.

Telur stefnandi, að ógreidd séu verkstjóra-laun, 10% á grunnlaun, svo og þóknun fyrir fiskmat, 20% á grunnlaun, og sundurliðar kröfur sínar þannig:

„1964

Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 37/75 kr.	7.550.00 x 12	90.600.00					
10%	9.060.00	20%	18.120.00	Orlof 7%	1.926.00	Samtals	29.106.00

1965

Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 45/63 kr.	9.126.00 x 12	109.512.00					
10%	10.951.00	20%	21.902.00	Orlof 7%	2.300.00	Samtals	35.153.00

1966

Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 49/54 kr.	9.908.00 +						
	5%	495 x 12	124.840.00				
10%	12.484.00	20%	24.968.00	Orlof 7%	2.622.00	Samtals	40.074.00

1967

Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 53/65 kr.	10.730.00 +						
	5%	537.00 x 12	135.198.00				
10%	13.520.00	20%	27.040.00	Orlof 7%	2.839.00	Samtals	43.399.00

1968

Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 56/78 kr. 11.356.00
 + 5% 567.00 x 12 143.085.00
 10% 14.309.00 20% 28.618.00 Orlof 7% 3.005.00 Samtals 45.931.00

1969

Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 68/12 kr. 13.624.00
 + 5% 681.00 x 12 171.662.00
 10% 17.166.00 20% 34.332.00 Orlof 7% 3.604.00 Samtals 55.104.00

1970

Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 76/67 kr. 15.334.00
 + 5% 767.00 x 12 193.208.00
 10% 19.321.00 20% 38.642.00 Orlof 7% 4.057.00 Samtals 62.020.00

1971

Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 83/67 kr. 16.734.00
 + 5% 836.00 x 6 105.424.00
 10% 10.524.00 20% 21.084.00 Orlof 7% 2.214.00 Samtals 33.841.00"

Niðurstöðutala verður kr. 344.628.00, en að viðbættum vöxtum þá verður útreikningur stefnanda:

„1964 Vantalin laun og orlof	kr.	29.105.00
8% ársvextir	—	2.328.00
		<hr/>
		31.433.00
1965 Vantalin laun og orlof	kr.	35.153.00
8% ársvextir	—	5.326.00
		<hr/>
		61.912.00
1966 Vantalin laun og orlof	kr.	40.074.00
8% ársvextir	—	8.158.00
		<hr/>
		110.144.00
1967 Vantalin laun og orlof	kr.	43.399.00
8% ársvextir	—	12.238.00
		<hr/>
		165.726.00

1968 Vantalin laun og orlof	kr. 45.931.00
8% ársvextir	— 16.933.00
	<hr/>
	228.590.00
1969 Vantalin laun og orlof	kr. 55.104.00
8% ársvextir	— 22.695.00
	<hr/>
	306.389.00
1970 Vantalin laun og orlof	kr. 62.020.00
8% ársvextir	— 29.472.00
	<hr/>
	397.881.00
1971 Vantalin laun og orlof	kr. 33.841.00
	<hr/>
	Samtals kr. 431.722.00

Dagsbrúnartaxti:

1964 1.—7. taxti meðaltal	kr. 37/75
1965	— 45/63
1966	— 49/54
1967	— 53/65
1968	— 56/78
1969	— 68/12
1970	— 76/67
1971	— 83/67“

Útreikningar stefnanda eru byggðir á samningum frá 17. apríl 1970, sem hann lagði fram á þingfestingardeggi, hins vegar lagði hann fram samninginn frá 20. febrúar 1962 8. september s.l.

Stefndi hefur krafizt þess, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð.

Eru kröfur þessar rökstuddar á þá leið, að farið hafi verið að óskum stefnanda um launakjör og honum greitt 40% álag á verkamannakaup, en að öðru leyti skyldi samningur Verkstjórásambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna gilda um kjör hans, en enginn skriflegur ráðningarsamningur hafi verið gerður við stefnanda.

Telur stefndi, að stefnandi skyldi aðeins fá umsamið álag þann tíma, sem hann starfaði sem verkstjóri við frystihúsið, en það

hafi aðeins verið um 5—6 mánuðir á ári, þar eð hráefni til vinnslu hafi ekki verið fyrir hendi lengri tíma árs. Þrátt fyrir hina stoplu verkstjórn hafi stefndi þó greitt stefnanda 40% álag allt árið.

Til vara telur stefndi, að aðgerðarleysi stefnanda í þá átt að koma að athugasemdum um launakjör leiði til sýknu. Bendir stefndi á, að stefnanda hafi ætíð verið fullkunnugt um kaupútreikninga, enda sjálfur fært inn vinnustundir og síðan kvittað vikulega fyrir móttöku launa á þar til gerð spjöld, er sýni allan launaútreikning stefnda. Um hver áramót hafi stefnandi síðan fengið uppgefíð, hver laun hans voru undanfarið ár.

Niðurstaða.

Samkvæmt lögum nr. 46/1948 um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, 12. gr., svo og 21. gr. reglugerðar nr. 56/1953 þá skulu fiskmatsmenn vera einn eða fleiri í hverju frystihúsi.

Í samræmi við ákvæði þessi var ætíð starfandi fiskmatsmaður í frystihúsi stefnda. Er Þorfinnur Ísaksson lét af störfum sem fiskmatsmaður og verkstjóri um áramótin 1962/1963, þá var stefnandi ráðinn í hans stað hjá stefnda. Frá áramótum og til hausts 1963 sem fiskmatsmaður með undanþágu yfirfiskmatsmanns, en frá hausti 1963 með fullum réttindum matsmanns að afloknu fiskiðnaðarnámskeiði sjávarútvegsráðuneytisins, sbr. dskj. nr. 8, enn fremur tók hann að sér verkstjórn í frystihúsi stefnda.

Það mun orðið venja í frystihúsum um land allt, að fiskmatsmönnum sé jafnframt falið að gegna verkstjórn ásamt matsstarfanum, þó að ekki verði séð, að vel fari, að opinberir skoðunarmenn á hráefni því, er frystihúsin vinna, séu jafnframt háðir rekstraraðiljum þeirra sem sérstakir trúnaðarmenn. Heimild til þessa er að finna í erindisbréfi fyrir fiskmatsmenn frá 13. marz 1950, en þar segir, að heimilt sé, að matsmaður, sem hafi á hendi mat á freðfiski hjá frystihúsi, annist einnig önnur störf, svo sem verkstjórn eða annað, sem ekki bindi hann við fast verk, þannig að hann geti ekki fylgzt með allri vinnslunni.

Dómurinn lítur svo á, að aðalstarf stefnanda hjá frystihúsi stefnda hafi verið fiskmatsmannsstarfinn, enda stefnda ekki heimilt, samanber ofangreind ákvæði laga og reglugerðar, að starfrækja frystihúsið án slíks starfsmanns. Fyrir matsmannsstarfann hlaut stefndi að greiða stefnanda laun í samræmi við 9. gr. áðurgreinds erindisbréfs um fiskmatsmenn, en þar segir, að fyrir matið greiði atvinnurekandi þóknun, sem nemi 20% af gildandi verkamanna-

kaupi á hverjum stað, miðað við 25 átta stunda vinnudaga í mánuði.

Kemur þá til álita, hvaða endurgjald stefnanda beri fyrir verkstjórn jafnframt fiskmatsmannsstarfinu, en verkstjórn hafði hann á hendi í frystihúsi stefnda frá því í ársbyrjun 1963 til 1. júlí 1971.

Stefnandi gerir kröfu til þess, að viðurkennt verði, að honum hafi borið endurgjald fyrir þann starfa á tímabilinu frá ársbyrjun 1964 til 1. júlí 1971 í samræmi við samninga Verkstjórásambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 20. bebrúar 1962 og 17. apríl 1970.

Í samningum frá 20. febrúar 1962 segir í 9. gr., að Verkstjórásambandinu sé heimilt að setja kauptaxta fyrir þá verkstjóra, sem ráðnir eru með tímakaupi, og verði slíkur kauptaxti settur, skal Vinnumálasambandinu skylt að mæla með því, að félagsmenn þess fylgi honum, enda verði lágmarkskaupið ekki ákveðið hærra en 30% yfir lágmarkskaup (lægsta taxta) fullgildra verkamanna á staðnum, eins og það er á hverjum tíma, og hámark ekki yfir 50%, nema um sérstaklega umfangsmikla verkstjórn sé að ræða. Efnislega sömu ákvæði er að finna í samningi sömu aðilja frá 17. apríl 1970, þó að því viðbættu, að eftir tveggja ára starf þá skuli verkstjóri fá 5% launahækkun.

Dómurinn er þeirrar skoðunar, að þessi ákvæði samninganna eigi ekki við um tilvik það, er hér er til úrlausnar, heldur komi til ákvæði 7. gr. beggja samninganna, en þar ræðir í 1. mgr. um forgangsrétt meðlima Verkstjórásambandsins til vinnu hjá meðlimum Vinnumálasambandsins, en síðan segir í 2. mgr.: „Forgangsréttur þessi skal þó einungis gilda um þá verkstjórn við almenna verkamannavinnu, sem unnin er a. m. k. þrjá mánuði samfleytt. Vinnuveitendum skal ætíð heimilt að fela matsmönnum afurða og iðnlærðum mönnum verkstjórn hverjum í sinni grein, án þess að ákvæði þessarar greinar eða önnur ákvæði samnings þessa ná til þeirrar verkstjórnar.“

Af þessu er ljóst, að ákvæði samninganna eiga ekki við um það tilvik, sem um er deilt í máli þessu, þ. e. um endurgjald fyrir verkstjórn til matsmanns afurða. Verður því að leggja til grundvallar samninga aðiljanna sjálfra um þetta atriði. Stefnandi hefur í aðiljaskýrslu fyrir dómi þann 8. september s.l. skýrt svo frá, að um haustið 1963 hafi hann gert þær kaupkröfur til stefnanda að fá 40% umfram almennan verkamannataxta sem laun fyrir störf

sín við frystihúsið og hafi fyrirvarsmaður stefnda, Guðröður Jónsson, samþykkt það.

Enn fremur skýrði stefnandi svo frá, að á þeim tíma, er hann starfaði hjá frystihúsi stefnda, hafi hvorki hann né fyrirvarsmenn stefnda orðað kröfur í þá átt, að launakjör breyttust. Guðröður Jónsson, kaupfélagsstjóri Kaupfélagsins Fram, eiganda frystihússins, hefur skýrt svo frá fyrir dómi 8. september s.l., að er stefnandi hóf störf hjá frystihúsinu, þá hafi svo um talast þeirra í milli, að fyrir störf sín hjá frystihúsinu fengi stefnandi greidd 40% umfram almennt verkamannakaup auk hins almenna taxta, eða sömu kjör og fyrrverandi matsmaður og verkstjóri hafði haft. Segir Guðröður enn fremur, að allan starfstímann hafi aldrei verið um það rætt, að launakjör breyttust, hvorki af hálfu stefnanda né frystihússins. Ekki er ágreiningur með aðiljum um, að stefnandi hafi fengið greidd 40% umfram almennt verkamannakaup á hverjum tíma allan starfstíma sinn hjá frystihúsinu.

Niðurstaða dómsins er því sú, að stefnandi hafi fengið greidda rétta þóknun fyrir fiskmatsstarfa sinn hjá stefnda, eða 20% álag í samræmi við 9. gr. erindisbréfsins um fiskmatsmenn að viðbætti umsaminni þóknun fyrir verkstjórnina, þannig að í heild hafi stefndi greitt stefnanda 40% álag á almennt verkamannakaup fyrir starfa sinn sem fiskmatsmaður og verkstjóri í frystihúsi stefnda, svo sem um var samið á árinu 1963.

Úrslit máls þessa verða því þau, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Böðvar Bragason bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélagið Fram í Neskaupstað, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Karls Jörgensens, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 30.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.